



Minjastofnun  
Íslands

## Fornminjasjóður 2020

### Umsókn um styrk

*Eyðublaði þessu skal skila inn útfylltu til Minjastofnunar Íslands með tölvupósti á [fornminjasjodur@minjastofnun.is](mailto:fornminjasjodur@minjastofnun.is). Skila þarf inn umsóknum eigi síðar en 10. janúar 2020. Umsóknir sem berast síðar koma ekki til álita við úthlutun.*

*Fylla þarf út og senda eyðublaðið á rafrænu formi. Notið nýlega útgáfu af Adobe Reader (nýjustu útgáfu má finna [hér](#)). Ekki er hægt að skila inn handskrifuðum umsóknum. Athugið að fylla út viðeigandi reiti á skilmerkilegan hátt, skortur á upplýsingum getur haft áhrif á mat umsóknar. Aðeins ákveðinn fjöldi orða kemst í reiti umsóknareyðublaðsins. Sé talin þörf á að senda ítarlegri upplýsingar um einstaka liði má senda þær með umsókninni sem viðhengi. Þrátt fyrir að slíkt sé gert þarf einnig að fylla í alla viðeigandi reiti umsóknareyðublaðsins og er þá notast við styttri lýsingar/skilgreiningar þar og vísað í viðhengi vegna ítarlegri upplýsinga.*

*Vista þarf skjalið í tölvuna áður en byrjað er að fylla það út. Ekki er hægt að fylla skjalið út í netvafra, heldur þarf að gæta þess að það opnast í adobe forritinu áður en útfyllingin er hafin annars vistast breytingarnar ekki.*

*Mikilvægt er að heiti umsóknareyðublaðsins sé ekki breytt heldur vistað undir sjálfgefna heitinu sem upp kemur þegar skjal er opnað, þ.e. „2020\_umsokn\_fornminjasjodur“ og sent undir því heiti sem viðhengi með tölvupósti. Vinsamlega sendið einungis eina umsókn ásamt viðhengjum í hverjum tölvupósti. Ef senda á fleiri en eina umsókn á að senda hverja og eina í sérstökum tölvupósti.*

*Apple notendur vinsamlegast athugið: eftir að skjalið hefur verið vistað í tölvuna þarf fyrst að opna Adobe forritið og opna skjalið í gegnum það áður en hægt er að fylla það út.*

*Farið vel yfir athugasemdir/útskýringar við reiti þar sem þær er að finna svo eyðublaðið verði rétt fyllt út. Útskýringar er að finna neðanmáls og birtast þegar mús er rennt yfir svarreiti.*

*Vakin er athygli á að styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og nú til verkefna sem framkvæma á árið 2020. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, eða óskar eftir framlengingu skilafrests fyrir 1. desember það ár, fellur hann niður.*

### 1. Heiti verkefnis

--

### 2. Staða verkefnis

a. Hefur áður verið sótt um styrk í fornminjasjóð eða fornleifasjóð til þessa verkefnis?	
b. Ef svo er - hvenær?	
c. Er verkefnið sem sótt er um styrk til nú hluti af eða áfangi í stærri framkvæmd/rannsókn sem nær yfir fleiri en eitt ár? <sup>1</sup>	

### 3. Tegund verkefnis sem sótt er um styrk til

Um hvers konar verkefni er að ræða?	
-------------------------------------	--

Athugið að ef sótt er um styrk til verkefnis sem felur í sér skráningu fornleifa skal fylgja stöðlum og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands sem finna má [hér](#).

## I. Umsækjandi og stjórnandi verkefnis

### 4. Upplýsingar um umsækjanda/styrkþega

A. Nafn <sup>2</sup>	
B. Kennitala (án bandstriks)	
C. Heimilisfang	
D. Póstnúmer	
E. Staður	
F. Sími	
G. Farsími	
H. Tengiliður/ábyrgðaraðili <sup>3</sup>	
I. Tölvupóstfang	
J. Bankareikningur <sup>4</sup>	

<sup>1</sup> Athugið að sé fyrirhugað verkefni þessa árs hluti af eða áfangi í stærri rannsókn eða framkvæmd, sem nær yfir fleiri en eitt ár, ber að senda í viðhengi með umsókn upplýsingar um verkáætlun og áætlaðan kostnað við alla rannsóknina/framkvæmdina í heild.

<sup>2</sup> Hér er mikilvægt að umsækjandi sé sá aðili sem gert er ráð fyrir að styrkur verði greiddur til. Veitt styrkloforð verða skráð á kennitölu umsækjanda og styrkir greiddir inn á sömu kennitölu. Hér getur verið um einstakling, félag, fyrirtæki, stofnun, félagasamtök eða aðra lögaðila að ræða. Sé styrkþegi ekki einstaklingur er mikilvægt að tilgreina tengilið neðar í þessum lið.

<sup>3</sup> Hér er átt við tengilið/ábyrgðaraðila vegna þessa verkefnis ef styrkþegi er ekki einstaklingur heldur fyrirtæki, stofnun eða aðrir lögaðilar.

<sup>4</sup> Hér er átt við bankareikning þann sem greiða á mögulegan styrk inn á. **Bankareikningurinn þarf að vera á kennitölu umsækjanda, sem gefin er upp í reit 4 B hér að ofan.**

**5. Yfirumsjón með verkefni<sup>5</sup>**

A. Nafn	
B. Kennitala	
C. Tölvupóstfang	
D. Starfsheiti	
E. Menntun, fagleg þekking/reynsla	
F. Aðrir helstu þátttakendur (nafn, starfsheiti, menntun/þekking)	

**II. Um minjarnar****6. Staða friðunar**

Eru viðkomandi minjar friðlýstar?	
-----------------------------------	--

**7. Landeigandi/eigandi minjanna (ef annar en umsækjandi)**

A. Nafn			
B. Heimilisfang			
C. Póstnúmer		D. Staður	
E. Tölvupóstfang			
F. Sími			

**8. Staðsetning minjanna (eins nákvæmt og kostur er)**

A. Heimilisfang/bæjarnafn		
B. Sveitarfélag		
C. Hnit (ISN93) <sup>6</sup>	A:	N:

<sup>5</sup> Athugið að ef um fornleifauppgroft er að ræða þá þarf tilgreindur yfirumsjónaraðili verkefnisins í lið 5 að vera hinn sami og mun sækja um leyfi til fornleifarannsóknarinnar. Um slíkar rannsóknir gilda sérstakar reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér. Upplýsingar um reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

<sup>6</sup> Sjá t.d. <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hnitin birtast neðst til hægri á skjánum. Ef um fleiri en einn stað er að ræða skal skrá miðhnit hér og skila öllum staðarhnitum sem viðauka með umsókn.

**9. Stutt lýsing á ástandi minjanna, núverandi nýtingu þeirra og fyrirhugaðri nýtingu ef við á (mest 700 slög)**


***III. Nánari lýsing á verkefni***

**10. Markmið og lýsing verkefnis<sup>7</sup> (mest 2500 slög)**

---

<sup>7</sup> Hér þarf að koma fram stutt lýsing á verkefninu og aðferðarfræði, eftir því sem við á. T.d. hvernig fyrirhugað er að standa að verkefninu og hver markmiðin eru. Í tilfalli rannsóknar-,skráninga- og miðlunarverkefna þarf einnig að tilgreina í hvaða formi niðurstöður verða.

**11. Verkáætlun verkefnis 2020<sup>8</sup> (mest 3000 slög)**



---

<sup>8</sup> Hér þarf að koma fram hvenær áætlað er að verkefnið hefjist. Tilgreina þarf helstu verkþætti/áfanga, hvað þeir fela í sér (í stuttu máli), áætlaður fjöldi mannmánaða og hvenær áætlað er að verkefninu ljúki. Athugið að sé verkefni ársins 2020 hluti af eða áfangi í stærri rannsókn eða framkvæmd, sem lokið verður á fleiri árum, þer að senda í viðhengi verkáætlun rannsóknarinnar/ framkvæmdarinnar í heild.

#### IV. Kostnaður og fjármögnun verkefnis

Athugið að í boði eru tveir valmöguleikar varðandi framsetningu kostnaðaráætlunar (liðir 12 og 13).

**Ætlast er til að liður 12 sé notaður.** Liður 13 er aðeins fyrir undantekningartilvik þar sem ómögulegt er að sundurliða kostnað á þann hátt sem liður 12 gerir ráð fyrir.

#### 12. Kostnaðaráætlun verkefnis árið 2020 (laun með launatengdum gjöldum)

<b>Laun yfirumsjónarmanns verkefnis</b>	
Fjöldi mannmánuða: <sup>9</sup>	
Laun pr. mannmánuð: <sup>10</sup>	
Samtals:	

<b>Laun og launatengd gjöld vegna annarra en yfirumsjónarmanns</b>			
	laun (m. launat.gj.)	Fjöldi mannmán.	Samtals
Sérfræðingur 1 (doktorspróf eða samsv.):			
Sérfræðingur 2 (masterspróf eða samsv.):			
Sérfræðingur 3 (Ba próf eða samsv.):			
Nemi/almennur starfsmaður:			
Samtals mannmánuðir:			
		Samtals laun:	
<b>Ferðakostnaður</b>			
Ferðir:			
Gisting:			
Fæði:			
<b>Tækja- og efniskostnaður:</b>			
<b>Annað (vinsamlega skilgreinið hér fyrir neðan):</b>			
1.			
2.			
<b>Samrekstur og aðstaða (e. overhead):</b>			
<b>Aðkeypt sérfræðiþjónusta:</b>			
<b>Samtals kostnaður:</b>			

<sup>9</sup> Hér er átt við fjölda mannmánaða yfirumsjónarmanns á árinu 2020 vegna þessa verkefnis.

<sup>10</sup> Hér er átt við laun per mannmánuð með launatengdum gjöldum. Eðlilegt er að tekið sé mið af launatöflu sem sjá má í næsta lið við útfyllingu þessa liðar auk 10 % álags að hámarki.

Athugið að hafi liður 12 hér á undan verið fylltur út þarf ekki fylla út lið 13.

**13. Kostnaðaráætlun verkefnis 2020 (sundurliðuð á verkþætti):**

Heiti verkþáttar: <sup>11</sup>	Upphæð:
1.	
2.	
3.	
4.	
5.	
6.	
7.	
8.	
9.	
Samtals allir verkþættir	

Athugið að samtals fjármögnun skal stemma við samtölu í kostnaðaráætlun hér á undan (lið 12 eða 13, eftir því hvor liðurinn var notaður). Ef verkefnið tekur lengri tíma en eitt ár skal kostnaðaráætlun verkefnisins í heild fylgja með í viðhengi.

**14. Fjármögnun verkefnis 2020**

Eigið framlag	
Aðrir styrkir/framlög:	
Styrkur sem sótt er um nú í fornminjasjóð	
Samtals fjármögnun	

**15. Vinnuframlag samstarfsaðila/annarra utan kostnaðaráætlunar<sup>12</sup> (mest 800 slög)**

<sup>11</sup> Dæmi um sundurliðun á verkþætti: 1. Kostnaður við viðgerð á stýrishúsi, 2. Kostnaður við viðgerðir á innréttingum, 3. Kostnaður við viðgerð á vél, 4. Kostnaður við ófyrirséð, os.frv.

<sup>12</sup> Ef samið hefur verið við samstarfsaðila eða aðra um að leggja til vinnuframlag við einhvern ákveðinn hluta verkefnisins án kostnaðar fyrir styrkumsækjanda skal það tilgreint hér og útskýrt hvað sú vinna felur í sér.

## V. Annað

### 16. Upptalning á viðhengjum og lýsing á innihaldi þeirra<sup>13</sup> (mest 1000 slög)

### 17. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri (mest 1000 slög)

***Vinsamlega yfirfarið umsóknina vel áður en hún er send. Gæta þarf þess að upplýsingar séu í öllum viðeigandi reitum, mikilvægt er að ljósmyndir af núverandi útliti/ástandi fylgi ef um varðveislu eða viðhaldsverkefni er að ræða og að kostnaðaráætlun sé greinargóð. Sé umsókn ekki skilmerkilega fyllt út eða vanti umbeðnar upplýsingar verður ekki hægt að taka afstöðu til hennar.***

---

<sup>13</sup> Hér er t.d. átt við ferilskrár, uppdrætti, ljósmyndir, ítarlegar rannsóknaráætlanir, verkáætlun og heildarkostnaðaráætlun (ef um langtímaverkefni er að ræða).